

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **31.07.2024**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck, Albert Ólafsson, Oliver Ormar Ingvarsson og Haraldur Gústafsson. Valgerði Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Valgerður E. Hjaltested**

Fundur settur kl. **21:04**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 18.12.2023, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. Fundargerð samþykkt

1.1.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Breytingar á reglugerðum BFSÍ sem samþykktar voru á síðasta fundi og birting á vefsíðu BFSÍ – Lokið

3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Boðun og hald formannafundar 7 apríl kl. 13:00 í gegnum fjarfundabúnað – Samþykkt í tölvupósti 3. Mars 2024 - Lokið

3.2. Ársskýrsla BFSÍ 2023 – Samþykkt í tölvupósti 21. Mars 2024 - Lokið

3.3. Ársreikningur BFSÍ 2023 – Samþykkt í tölvupósti 23. Mars 2024 - Lokið

3.4. Framboð formanns BFSÍ til stjórnar WAE – Samþykkt í tölvupósti 3. Apríl 2024 - Lokið

4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum á stjórnarfundi 22.12.2021)

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. Formaður fer í stuttu máli yfir allar tillögur í fundarboði.

4.2. Opnað fyrir umræður um tillögu: Albert lagði til að bæta við persónuverndar skilmálum úr almennum mótaskilmálum við breytingartillögur á reglugerðinni í lið 5. Gummi var með tilbúið template fyrir texta sem lagt verður til við næstu yfirferð reglugerðar um erlend mót. Allir voru samþykkir að bæta þeim texta við tillögu um breytingar á reglugerð um Íslensk mót sem verið er að leggja fyrir.

4.3. Tillaga samþykkt einróma

5. Tillögur að breytingum á reglugerð um Íslensk mót

Breytingarnar eru flestar tengdar fjarlægðum og skífustærðum fyrir aldursflokka. Breytingar sem koma til vegna breytinga WAN á fjarlægðum á NUM svo að sem mest samræmi sé á Íslenskum reglum og WA/WAN. Lagfæringar á orðalagi á nokkrum stöðum. Fækkun lágmarks fjölda Bikarmóta BFSÍ innandyrna í 2 mót svo að samræmi sé milli reglna utandyra og innandyrna. Tekin út valmöguleiki á úrslitamóti Bikarmótaraða, það myndi valda óþarfa kostnaði fyrir íþróttafólk og því óþarfi að hafa slíkan valmöguleika í reglunum. Tekið út gjald vegna móta sem skráð eru í mótakerfi BFSÍ. Íslandsmeistaratitlum bætt við fyrir langboga/traditional flokk, þar sem að búið er að finna út úr fjarlægðum og skífustærðum fyrir alla aldursflokka og búið að testa hann í 2 ár. Ásamt því er vinsælasta áhorf á Youtube á langboga og við erum komin með félag sem sérhæfir sig í keppnisgreininni.

5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

5.2. Starfsmönnum BFSÍ falið að uppfæra reglugerðina og birta hana á vefsíðu sambandsins.

6. Önnur mál. (Önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála og ýmissa verkefna)

6.1. Gjaldkeri fer stutt yfir stöðu fjármála BFSÍ

6.2. Starfsmaður BFSÍ fjallar stutt um stöðu nýrra aðildarfélaga og útbreiðsluverkefna

6.3. Íþróttastjóri kynnir 6 mánaða stöðuskýrslu afreksstarfs 2024 sem send verður til ASJ

6.4. Íþróttastjóri fjallar stutt um þær miklu breytinga sem munu líklega koma til 2025 tengt afreksstarf og ASJ. Erfitt verður að skipuleggja fyrir það þar sem allt er frekar óljóst og ekki líklegt að það skýrist fyrr en mjög seint á árinu jafnvel ekki fyrr en í byrjun 2025. Mjög líklegt er að fjármagn til BFSÍ eigi eftir að aukast töluvert.

6.5. Formaður fjallar stutt um Evrópuþing 2024

6.6. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **22:09**